


(forsíðan er sér)



ÁRSSKÝRSLA FÍLA 2013-2014

lögð fram á 36. aðalfundi félags íslenskra landslagsarkitekta 10. apríl 2014.

Hönnunarmiðstöð, Vonarstræti 4b, 101 Reykjavík
kl. 17:00 – 20:00

Efnisyfirlit

1.	Félagið og verkaskipting	3
2.	Stjórnarfundir FÍLA.....	5
3.	Félagsfundir FÍLA.....	6
4.	Norrænir fundir	6
5.	IFLA Europe GA 2013 – Berlín	6
6.	Fulltrúaráð FÍLA.....	7
7.	Félagsmenn og nýliðun	7
8.	Samkeppnisreglur FÍLA og samkeppnismál	7
9.	Kynningarmál	7
10.	Samskiptamál.....	8
11.	Hönnunarmál og verðlaun	9
12.	Viðburðir	9
13.	Framtíðarsýn.....	10
	Viðaukar:.....	11

Stjórn FÍLA

Hermann Georg Gunnlaugsson, formaður
Sif Hjaltal Pálsdóttir, ritari
Eiður Páll Birgisson, gjaldkeri
Þórhildur Þórhallsdóttir, meðstjórnandi
Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir, meðstjórnandi

1. Félagið og verkaskipting

Aðalfundur er æðsta vald í öllum málefnum félagsins.

Stjórn og verkaskipting

Stjórn 2013-2014:

Hermann Georg Gunnlaugsson, formaður

Sif Hjaltdal Pálsdóttir, ritari

Eiður Páll Birgisson, gjaldkeri

Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir, meðstjórnandi og fulltrúi FÍLA í Hönnarmiðstöð

Þórhildur Þórhallsdóttir, meðstjórnandi og IFLA-fulltrúi

Stjórn 2012-2013:

Inga Rut Gylfadóttir, formaður

Sif Hjaltdal Pálsdóttir, ritari

Sigríður Brynjólfsdóttir, gjaldkeri

Elízabet Guðný Tómasdóttir, meðstjórnandi og formaður laganefndar

Þórhildur Þórhallsdóttir, meðstjórnandi og IFLA-fulltrúi

A. Fastanefndir – hlutverk og markmið

(kallað var eftir skýrslum nefnda – þær sem bárust eru í viðauka)

Dagskrárnefnd:

Skipuleggja og sjá um faglegt innra starf félagsins. Setja upp dagskrá fyrir starfsárið og útvega gestafyrirlesara inn á félagsfundum.

Nefndina skipa:

Sigríður Brynjólfsdóttir, formaður

Ásta Camilla Gylfadóttir

Britta Magdalena Ágústsdóttir

Fagnefnd:

Annast tengslamál innan félagsins og utan og kynnrir stöðu þess og störf landslagsarkitekta. Fagnefnd fer með umboð félagsins í samkeppnum á vegum þess.

Nefndina skipa:

Þórhildur Þórhallsdóttir, formaður

Inga Rut Gylfadóttir

Hlín Sverrisdóttir

Auður Sveinsdóttir

Laganefnd:

Fjallar um breytingar á lögum FÍLA auk þess að fjalla um lagaleg erindi sem berast FÍLA og varðar lög og reglugerðir frá Alþingi og stofnunum samfélagsins.

Nefndina skipa:

Elízabet Guðný Tómasdóttir, formaður

Margrét Sigurðardóttir

Ólafur Melsted

Menntanefnd:

fer með menntamál landslagsarkitektastéttarinnar, umsjón með inntöku nýrra félaga í FÍLA. Heldur tengsl við helstu menntastofnanir sem mennta landslagsarkitekta.

Nefndina skipa:

Björk Guðmundsdóttir

Gísli Gíslason

Marta María Jónsdóttir

B. Nefndir um afmörkuð málefni.

Siðanefnd.

Fer með siðferðileg álitamál sem upp koma. Sker úr um ágreining samkvæmt ákvæðum siðareglna félagsins.

Starfsárið 2013 – 2014 skipuðu nefndina:

Þórólfur Jónsson, formaður
Guðmundur Rafn Sigurðsson
Helga Aðalgeirsdóttir
Sigurbjörg Áskelsdóttir

Orðanefnd.

Safnar og setur í orðabanka fagorð á sviði landslagsarkitektúrs, er tengiliður FÍLA við Íslenska málstöð og Orðabók Háskólans.

Starfsárið 2013 – 2014 skipuðu nefndina:

Yngvi Þór Loftsson, formaður
Auður Sveinsdóttir
Samson B. Harðarson

Skoðendur reikninga FÍLA.

Samkvæmt lögum félagsins.

Skoðendur starfsárið 2013 – 2014

Finnur Kristinsson
Þórólfur Jónsson

C. Vinnuhópar / verkefnastjórnun:

HönnunarMars 2014

Ekki var skipaður verkefnisstjóri FÍLA fyrir HönnunarMars 2014 í samvinnu við Hönnunarmiðstöð þetta starfsárið, þar sem FÍLA var ekki með sérstaka dagskrá þetta árið.

Xland.is

Heiða Aðalsteinsdóttir
Svava Þorleifsdóttir

Netumsjón og heimasíðan

Uppfærsla og umsjón með heimasíðu og fésbókarsíðu FÍLA. Skipaður var sérstakur hópur til að hafa umsjón með nýrri heimasíðu FÍLA

Umsjón starfsárið 2013-2014:

Sif Hjaltadal Pálsdóttir, Svava Þorleifsdóttir, Jón Rafnar Benjamínsson, Sigríður Brynjólfsdóttir og Lilja Kristín Ólafsdóttir.

Evrópski landslagssáttmálinn (ELC)

Tengiliður félagsins við stjórnvöld og opinberar stofnanir vegna kynningar á sáttmálanum.

Fulltrúar starfsárið 2013-2014:

Einar E. Sæmundsson
Auður Sveinsdóttir

Garðsöguhópur

Vinnur að því að skapa grundvöll til rannsókna á sögu garðsins á Íslandi, heimildasöfnun og leit að fjármunum til að rita hana. Hefur samskipti við Minjastofnun varðandi varðveislu og friðum skróðgarða samkvæmt lögum um minjavernd.

Fulltrúar starfsárið 2013-2014

Einar E. Sæmundsen

Samson B. Harðarson

Ásta Camilla Gylfadóttir

Þórhildur Þórhallsdóttir

Fulltrúar í ritstjórnnum.

Ritstjórn Arkitektúr – tímarit um umhverfishönnun og danska tímaritinu Landskab

Fulltrúar starfsárið 2013-2014:

Kristín Þorleifsdóttir

Lilja Filippusdóttir

Ulla R. Pedersen

Undirbúningsnefnd um norræna ráðstefnu

Kristín Þorleifsdóttir, Ulla R. Pedersen, Inga Rut Gylfadóttir og Sveinn Rúnar Traustason störfuðu í sérstakri undirbúningsnefnd vegna ráðstefnunnar um Hönnun ferðamannastaða og norræns stjórnafundar landslagsarkitektafélganna í Norrænahúsinu í júní 2013.

Fulltrúar í FÍLA í stjórnnum utan félags

IFLA - Fulltrúi

Fíla hefur frá upphafi tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi landslagsarkitektafélaganna, þ.e. þi IFLA Europe og IFLA International. IFLA-fulltrúi FÍLA er Þórhildur Þórhallsdóttir og er hún tengiliður félagsins við IFLA og IFLA Europe. Situr samkvæmt lögum félagsins einnig sem meðstjórnandi í stjórn FÍLA.

Fulltrúi FÍLA í Hönnunarmiðstöðinni

Hönnunarmiðstöð Íslands var sett á laggirnar 15. janúar 2008. Hönnunarmiðstöð er sameiginlega í eigu hönnunarfélaganna á landinu. Mikil gróska hefur verið í starfsseminni frá stofnun þess. Fulltrúi FÍLA er Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir sem hefur séð um tengsl félagsins við Hönnunarmiðstöðina og situr jafnframt sem meðstjórnandi í stjórn FÍLA

Sveinsprófsnefnd í skróðgarðyrkju við starfsmenntunarábraut LBHÍ

Hefur umsjón með undirbúningi og fyrirkomurlagi sveinsprófa.

Fulltrúi starfsárið 2013-2014

Ólafur Melsted

Græni geirinn

Græni geirinn er sameiginlegur vettvangur félaga og hagsmunaaðila sem tengjast á einhvern hátt garðyrkjugeiranum. Fulltrúi FÍLA í stjórn Græna geirans er Elísabet Guðný Tómasdóttir.

Óeigingjörn félagsstörf

Samtals starfa á stjórn, nefndum og ýmsum vinnuhópum alls 32 einstaklingar í sjálboðaliðastörfum fyrir hönd FÍLA. Það hlýtur að vera nokkuð hátt hlutfall félagsmanna borið saman við önnur fagfélög. Þessir einstaklingar eiga mikinn heiður skilið fyrir vel unnin störf á starfsárinu 2013-2014. Án þessara starfkrafta væri félagið okkar hvorki fugl né fiskur.

2. Stjórnarfundir FÍLA

Haldnir voru samtals 10 fundir (fjórir árið 2013 og sex árið 2014).

3. Félagsfundir FÍLA

Samtals voru haldnir 6 félagsfundir á árinu.

- **Priðjudaginn 10. september – Almennur félagsfundur**

Fundarstaður: Biskupsstofa, Laugavegi 31. Guðmundur Rafn Sigurðsson landslagsarkitekt greindi okkur frá norrænni ráðstefnu um málefni kirkjugarða sem hann fór á til Oslóar í sumar. Landslagsarkitektarnir Þráinn, Reynir og Einar Sæmundsen sögðu frá ævintýri sínu þegar Skrúður í Dýrafirði hlaut hin alþjóðlegu verðlaun „Premio Internazionale Carlo Scarpa per il Giardino“ eða „Alþjóðaverðlaun Carlo Scarpa fyrir garða“.

- **Laugardagurinn 28. September – POP-UP viðburður**

Fundarstaður: Hólavallakirkjugarður. Fyrsti POP-up viðburðurinn var göngutúr í Hólavallakirkjugarði laugardaginn 28. september undir leiðsögn Heimis Janusarsonar garðyrkjufraeðings og starfsmanns Kirkjugarða Reykjavíkur.

- **Fimmtudaginn 3. október 2013 - Hönnun Dýragarða - Þróun og framtíðarhlutverk**

Fundarstaður: Lækjarkreppa. Jón Stefánsson kollegi okkar hefur í tæp 30 ár einbeitt sér að hönnun dýragarða út um allan heim í fyrirtækinu sínu CLR-design, sem staðsett er í Philadelphiu. Flottur og mjög áhugaverður fyrirlestur hjá þessum heiðursmanni og félagsmanni FÍLA.

- **Fimmtudagurinn 5. desember 2013 – Jólafundur FÍLA**

Fundarstaður: Byggðasafn Hafnarfjarðar

- **Priðjudaginn 4. febrúar – Almennur félagsfundur**

Fundarstaður: Ræktunarstöð Reykjavíkur. Margrét Sigurðardóttir landslagsarkitekt kynnti leiksvæðastefnu Reykjavíkurborgar sem var nýlega samþykkt í Borgarstjórn Reykjavíkur. Þórólfur Jónsson landslagsarkitekt kynnti trjáræktarstefnu sem einnig er búið að samþykkja í Borgarstjórn Reykjavíkur. Heiða Aðalsteinsdóttir, landslagsarkitekt flutti erindið "Bitastæðborg: Getur borgin nært okkur með réttu skipulagi", en erindið flutti hún á Læknadögum 2014 við góðar undirtektir.

- **Priðjudaginn 13. mars – Almennur félagsfundur**

Fundarstaður: Ræktunarstöð Reykjavíkur. Auður Jónsdóttir ræktunarstjóri Ræktunarstöðvar Reykjavíkurborgar fjallaði um ýmsar tegundir berjarunna sem framleiddar eru hjá Ræktunarstöðinni. Guðmundur Vernharðsson eigandi gróðrarstöðvarinnar Markar fjallaði um samskipti og upplýsingagjöf milli landslagsarkitekta og garðplöntuframleiðenda, plöntuúrval, verðlag, kostnaðaráætlanir, gæðamál, algeng frávík í plöntutilboðum, ósamræmi í plöntunöfnum, hvað sé að fréttu o.fl.

- **Vísindaferð með AÍ – 7. mars 2014**

AÍ bauð til vísindaferðar, en þær eru fastur liður í þeirra dagskrá og er farinn 1. föstudag í mánuði. Skoðaður var Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ, Brýrnar yfir Elliðaárna og Göngustígurinn í Fellunum í Breiðholti.

4. Norrænir fundir

Óvenju margir norrænir fundir hafa verið haldnir á starfsárinu, en þeir voru þrír samnorrænir stjórnarfundir landslagsarkitektafélaganna á starfsárinu. Í Reykjavík 7. júní 2013, þann fund sátu formaður, ritari og IFLA-fulltrúi FÍLA. Formaður og IFLA-fulltrúi FÍLA mættu svo á tvo fundi til viðbótar, þ.e. 20. september 2013 í Berlín og 27. mars sl í Osló. Eitt af því sem við höfum rætt á þessum fundum er sameining arkitektafélaganna og hvernig LA eru sýnilegir í samfélaginu. Formaður Dana hefur verið nokkuð í fjölmiðlum síðustu mánuði og komið fram í tengslum við áberandi viðburði eða tjáð sig um ákveðin mál. Þetta norræna samstarf er okkur afar mikilvægt og á þessum fundum er gott tækifæri til að fá mælikvarða á það sem við erum að gera vel, hvað má gera betur og sjá hvað það er sem er eftirtektarvert hjá vinum okkar í hinum félögum. Sem dæmi þá kynntum við Xland.is fyrir ári síðan, og núna eru Finnar að vinna að sambærilegu verkefni.

Annað sem er mjög áhugavert að sjá hvernig samstarf norrænu félaganna við háskólana er háttað og hvað háskólarnir á Norðurlöndunum leggja mikla áherslu á að grunn- og framhaldsnám í landslagsarkitektúr sé alþjóðlega viðurkennt af IFLA Europe. Arkitektaskólinn í Osló hefur þurft að endurskoða uppbyggingu námsins til að halda IFLA Europe viðurkenningunni. Í Helsinki hefur landslagsarkitektanámið verið fært til í sameinaðann háskóla og í kjölfarið var sótt um endurnýjun á viðurkenningu IFLA Europe. Allt er þetta gert til að gera námið markvissara, auka kröfur og halda háum gæðum. Nýverið var auglýst prófessorsstaða í landslagsarkitektúr við Aalto University og er það liður í því að efla menntun og rannsóknir í landslagsarkitektúr við finnska hálskólann.

5. IFLA Europe GA 2013 – Berlín

Sjá skýrslu IFLA-fulltrúa FÍLA.

6. Fulltrúaráð FÍLA

Fulltrúaráð FÍLA var boðað til fundar 16. maí 2013, en þessi vettvangur hefur ekki verið nýttur sérstaklega áður í störfum félagsins. Hann er skilgreindur sértaklega í lögum félagsins, en þar stendur: “*Formenn nefnda skipa fulltrúaráð FÍLA sem hittist einu sinni á ári til þess að samræma starfsemi FÍLA*”. Þetta er mikilvægur vettvangur til að móta stefnu félagsins og verður vonandi notaður meira í framtíðinni til að leggja línurnar innan félagsins og í samskiptum út á við.

7. Félagsmenn og nýliðun

Félagsmenn í FÍLA við lok starfsársins 2013-2014 eru samtals 98 (82 á síðasta starfsári). Fjölgun fullgildra félagsmanna er því um 7% frá fyrra starfsári.

Skipting:

- | | | |
|---|----|------------------|
| • A-gjald er fullt félagsgjald | 68 | (60) félagsmaður |
| • B-gjald er 80% af fullu félagsgjaldi og um það geta sótt félagar sem eru búsettir í lengra en 100 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. | 2 | (0) félagsmaður |
| • C-gjald er 50% af fullu félagsgjaldi. Um það geta sótt: <ul style="list-style-type: none"> - félagar sem eru búsettir erlendis. - nýir félagar fyrstu tvör árin eftir útskrift. - félagar sem vegna sérstakra aðstæðna, sem stjórn telur gildar, hafa þörf fyrir lækkun árgjalds. | 10 | (15) félagsmenn: |
| • D-gjald er 10% af fullu félagsgjaldi og er fyrir námsmenn. | 15 | (5) félagsmenn |
| • Heiðursfélagar og félagar 65 ára og eldri , er hafa verið a.m.k. 10 ár í félaginu, eru undanþegnir félagsgjaldi. | 3 | (2) félagsmenn |

Nýir fullgildir félagsmenn

- Guðný M Guðlaugsdóttir. Útskrifuð frá Københavns Universitet 19.04.2013
- Hlynur Gauti Sigurðsson. Útskrifaður frá Københavns Universitet 09.07.2012
- Sigurborg Ósk Haraldsdóttir. Útskrifuð frá Arkitektur- og designhøgskolen i Oslo 31.05.2012.
- Sigurður Friðgeir Friðriksson. Útskrifaður frá Københavns Universitet 07.05.2010.
- Sólveig Olga Sigurðardóttir. Útskrifuð frá Københavns Universitet 2010
- Kjartan Mogensen. Útskrifaður frá SUNY College of Environmental Science and Forestry Syracuse, New York 1983. (Heiðursfélagi).

Alls gengu 13 nýir nemar inn í félagið á starfsárinu.

8. Samkeppnisreglur FÍLA og samkeppnismál

Ein samkeppni með samkeppnisreglum FÍLA fór fram á starfsárinu í samstarfi við Reykjavíkurborg.

Um miðjan október voru veitt verðlaun í fyrstu hugmyndasamkeppninni sem byggði á nýjum samkeppnisreglum FÍLA. Það var tillaga Landslags ehf sem vann 1. verðlaun og kemur vonandi til framkvæmdar. Landmótun ehf vann síðan til 1. verðlauna í Geysissamkeppninni í mars 2014 og verðum við að vera stolt af þessum tveimur verðlaunum okkar félagsmanna. Nánari umfjöllun má sjá í skýrslu fagnefndar (samkeppnisnefndar).

Dómnefndarstörf starfsárið 2013-2014

Það er stefna stjórnar, eins og mögulegt er, að auglýsa meðal félagsmanna ef óskað er eftir dómnefndarfulltrúum. Félagið og félagsmenn hafa safnað sér umtalsverðri reynslu í dómnefndarstörfum og verður áhugavert að fylgja því eftir með vinnureglum um fyrirkomulag samkeppna sem byggja á samkeppnisreglum FÍLA.

9. Kynningarmál

- Heimasíða FÍLA

Skipaður var vinnuhópur til að vinna að nýrri heimasíðu, hann skipa Sif, Svava, Jón Rafnar, Sigríður og Lilja Kristín. Á startfundi vinnuhópsins með stjórn félagsins 16. desember 2013 var farið á hugarflug um innihald og vinnslu á heimasíðu félagsins. Anders Møller Nielsen arkitekt MAA FAÍ fenginn til að vinna að uppsetningu á heimasíðunni í samstarfi við vinnuhópinn. Stefnt var að því að nýja heimsíðan fari í loftið fljótlega.

- **Stjórn Samtök ferðaþjónustunnar SAF**

Starfsemi FÍLA var kynnt fyrir stjórn SAF 11. september 2013. Formaður og Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir fóru yfir þau verkefni sem landslagsarkitektar sinna í sínum störfum. Góðar undirtektir voru á fundinum og að loknum fundi voru stjórnarmenn SAF með það á hreinu, hvaða verkefnum landslagsarkitektar sinna.

- **Ritnefndafulltrúar FÍLA**

Ritnefnd AÍ og FÍLA vegna Arkitektúrs

Nýjasta tölublað Arkitektúrs kom út í nóvember 2013, en það er að sjálfsögðu glæsilegt blað og vel unnið að vanda. Hér er unnið mikið og óeigingjarnt starfa fyrir FÍLA og AÍ. Fundað var 30. janúar 2014 með ritnefnd, fulltrúum stjórna AÍ og FÍLA þar sem farið var yfir stöðu og framtíðarsýn tímaritsins Arkitektúrs. En farið var yfir tillögur ritnefndar um fasta útgáfu 1-4 tölublaða á ári með verkefnisstjóra eða ritstjórn á launum við að undirbúa og gefa út Arkitektúr. Einnig var rætt um samstarf við félögin bak við Hönnunarmiðstöð og miðstöðina sjálfa. Hugmyndir eru uppi um að styrkja blaðið og útgáfugrundvöll þess. Í besta falli að auka tekjur með útgáfu öflugra málagns arkitekta og hönnuða. Samstarf AÍ og FÍLA við aðildarfélög Hönnunarmiðstöðvar út af samstarf um útgáfumál er í deiglu. Sjá nánar í skýrslu ritnefndar FÍLA.

Ritnefnd Landskab

Það kom út nýtt tölublað af Landskab núna í mars sl. og blaðið tileinkað Íslandi og hönnun landslagsarkitekta.

- **Ferðamálastofa**

Björn Jóhannsson umhverfisstjóri Ferðamálastofu bauð til morgunfundar 21. mars 2014 með félagsmönnum og tókst sá fundur vel. Það var rómur manna að gera þetta að föstum lið í félagsstarfinu, enda mikil tækifæri fyrir okkar félagsmenn á þessum vettvangi.

10. Samskiptamál

- **Sameiningarmál AÍ, FHI og FÍLA**

Haldið áfram samræðum um sameiningarmál. Haldinn var undirbúningsfundur þar sem lagðar voru línurnar í þessu mikla verkefni. Ákveðið hefur verið að skipuleggja stefnumótunarfund í haust þar sem rætt verður um sameiningu þessara þriggja félaga. Hugsanlega verða skipulögð reynsluerindi af sambærilegum sameiningum og í kjölfarið tekin ákvörðun um fram haldið. Næsti fundur verður í lok apríl þar sem haustfundurinn verður skipulagður nánar. NLA hefur unnið þetta á sambærilegann hátt og munum við horfa til þeirrar vinnu í þessu máli. Hér með er auglýst eftir áhugasömu félagsmönnum sem hafa áhuga á því að vera í hópnum að ræða sameiningu arkitektafélaganna.

- **Ríkiskaup og rammamningur**

Í maí var fundur hjá Ríkiskaupum þar sem rætt var um uppsetningu og innhald nýs rammamnings um innkaup á aðkeyptir þjónustu í hönnun og annarri sérfræðiþjónsutu. Hermann Georg og Áslaug Traustadóttir mættu á fundinn, en á fundinum voru einnig önnur fagfélög og mjög jákvætt að við séum með frá fyrstu hendi.

- **Rammamningur við Reykjavíkurborg.**

Núverandi samningur rennur út 13. maí nk og hefur FÍLA óskað eftir samráði varðandi fyrirkomulag og útfærslur á nýjum rammamningi Reykjavíkurborgar um aðkeypta hönnun og ráðgjafarþjónustu. Það hlýtur að vera hagur Reykjavíkurborgar að fá okkar félagsmenn beint að borðinu sem viðsemjendur í útboðum eða örútbodum um hönnun, ráðgjöf, verkefnastjórnun eða verkeftirlit á vegum borgarinnar.

- **Alþingi og umsagnir**

Laganefnd FÍLA og formaður unnu að umsögn vegna niðurfellingar á náttúruverndarlögum, þ.e. frumvarp til laga um náttúruvernd (brottfall laga um náttúruvernd, nr. 60/2013), 167. mál. Yfirstandandi þings. Niðurstaða umhverfisnefndar Alþingis að fresta gildistöku laganna til 1. janúar 2015 og endurskoða ákveðna þætti laganna. Þarna tókst að færa okkur aðeins fram á við í náttúruvernd, þar sem eldri löggjöf frá árinu 1995 hefði tekið gildi á ný og öll vinnan við Hvítbókina hefði verið lögð til hliðar. Jákvætt fyrir okkar faghóp, en við þurfum samt að fylgjast vel með þróun málsins. Sjá nánar skýrslu laganefndar.

- **Mannvirkjastofnun**

Fundað með stofnuninni um stöðu byggingarreglugerða og hvað lítið eða nánast ekkert af vinnu Odds Hermannssonar f.h. FÍLA í ritun nýrrar reglugerðar árið 2012 hefði skilað sér í nýju reglugerðina. Farið var yfir helstu vankvæði nýrrar reglugerðar sem styðja ættu við fagleg sjónarmið LA. Niðurstaðan að MVST hafi samráð

um leiðbeiningarit um greinargerðir hönnuða og fleiri atriði. Reglugerðin sé ekki tæmandi og leiðbeiningarrit séu nauðsynleg til að útskýra og túlka, en stofnunin mun hafa samráð um þetta í framtíðinni. Hluti af eftirfylgninni sé í höndum byggingarfulltrúanna og ekki hlutverk MVST að fylgja ákvæðum reglugerðarinnar eftir.

- **Umhverfis- og auðlindaráðuneyti**

FÍLA var boðið til fundar vegna kynningar á endurskoðun byggingarreglugerðar og snérist endurskoðunin aðallega um nokkur atriði til að draga úr umfangi og kostnaði vegna aðgengis að byggingum.

- **Umhverfisstofnun**

Í tengslum við hönnun og lagalega umgjörð fyrir hugtakið “leiklandslag” fóru Þórhildur og Guðný á fund hjá Umhverfisstofnun. Þetta var góður fundur þar sem fram kom að hugtakið leiklandslag nær til náttúrulegra leiksvæða og að ekki séu til neinar sérstakar íslenskar reglur um hönnun og öryggismál þeirra, en gilda um önnur leiksvæði.

- **Samband íslenskra sveitarfélaga**

Sambandinu hafa verið send tvö erindi á árinu vegna áhuga FÍLA á að kynna starfsemi félagsins og hvað félagsmenn starfa við. Hvorugu erindinu hefur verið svarað.

11. Hönnunarmál og verðlaun

- **Hönnunarmiðstöð Íslands**

Hún er kynningar- og upplýsingamiðstöð fyrir íslenska hönnun á Íslandi og erlendis. Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir er fulltrúi FÍLA í stjórn miðstöðvarinnar. Sjá nánar skýrslu fulltrúa FÍLA í Hönnunarmiðstöð.

- **Hönnunarsjóður Íslands**

Fyrst úthlutun fór fram á árinu, en þrír félagsmenn fengu úthlutun. Einar E. Sæmundsen vegna bókar um Garðlistasögu Íslands, Kristín Þorleifsdóttir vegna bókar um borgarrými og Dagný Bjarnadóttir í tengslum við notkun endurrunnins glers í í bekkinn Fang. Glæsileg viðurkenning á starfi þessara félagsmanna FÍLA.

- **Hönnunarstefna**

Ný hönnunarstefna stjórnvalda 2014-2018 var kynnt 31. janúar 2014.

- **Hönnunarsjóður Auroru – Styrkur í lok maí 2013.**

Félag íslenskra landslagsarkitekta fékk styrk til uppbyggingar og þróunar gagnagrunns, en félagið hefur hleypt af stokkunum heimasíðunni xland.is með samantekt um markverða umhverfishönnun sem landslagsarkitektar hafa unnið á höfuðborgarsvæðinu.

- **Carlo Scarpa verðlaunin 2013 – 7. maí 2013**

Skrúður á Núpi í Dýrafirði hlaut ein virtustu verðlaun sem veitt eru á sviði menningarlandslags, garðlistar og landslagsarkitektúrs. Úthlutunarnefndin kom til Íslands í ágúst og fór í vettvangsferð í Dýrafjörð.

12. Viðburðir

Sá viðburður sem stendur algerlega uppúr á starfsárinu er málþingið í Norræna húsinu um “Hönnun ferðamannastaða” og komust færri að en vildu. Ráðherra ferðamála var mjög jákvæður í garð uppbyggingar í ferðapjónustu og undirstrikaði mikilvægi Framkvæmdasjóðss ferðamannastaða. Síðan komu fyrirlesararnir hver öðrum betri. Þessi langa helgi var frábær upplifun og gott veganesti í reynslubankann. Við eigum magnað landslag, góða landslagsarkitekta, flottar lausnir og næg verkefni til framtíðar. Þeir sem skipulögðu málþingið, fluttu góð og áhugaverð erindi eiga heiður skilið. Takk fyrir það.

En eitt stundur þó uppúr og vakti athygli fjölmiðla. Það var þegar hinn norski Rainer Stange orðaði það svo frábærlega í viðtali á RÚV að: “21. öldin væri öld landslagsarkitektanna. Við erum með verkfærin til að takast á við vandamálin sem fylgja mikilli fólksfjölgun í heiminum. Við erum læknar fyrir jörðina”. Með þessi orð að leiðarljósi, getum við landslagsarkitektar sótt fram á völlinn. Koma okkar faglegu sérþekkingu betur á framfæri. Við þurfum að gera samfélaginu ljóst að með landslagsarkitekta í fararbroddi tryggjum við fegurra byggt umhverfi, stuðlum að verndun á náttúru og landslagi, stuðlum að vistvænni lausnum og aukum þannig lífsgæði allra í samfélaginu. Ekki bara fyrir okkur sem lifum í dag, heldur einnig fyrir komandi kynslóðir. Ætli Carlo Scarpa verðlaunin árið 2013 til handa Skróði í Dýrafirði undirstriki ekki að vinna okkar kemur komandi kynslóðum til góða.

13. Framtíðarsýn

Núna stendur félagið á ákveðnum tímamótum. Sameingarmála arkitektafélaganna eru í brennideplinu. Þau málefni eru í senn flókin og jafnframt sára einföld. Stærri félag – meiri slagkraftur. Svíar eru búnir að keyra það verkefni í rúm tíu ár og bera því ágæta sögu þó það hafi tekið sinn tíma að koma landslagsarkitektunum aftur á kortið þar. Danir eru ekki einu sinni að spá í þetta og Finnar hafa ekki velt þessu neitt sérstaklega fyrir sér. Að lokum þá voru norskir landslagsarkitektar nú í lok mars að fella samruna við hin arkitektafélögin í Noregi. Dyrnunum er þó enn haldið opnum eitthvað lengur. Ég hvet félagsmenn FÍLA til að kynna sér vel þau gögn sem NLA og hin arkitektafélögin í Noregi létu vinna í tengslum við það samrunaferli sem er enn í gangi í Noregi.

En hvað viljum við í FÍLA? Hvað gæti komið út úr samruna FÍLA, FHI og AÍ. Eða hvað viljum við að komu út úr samstarfi félaganna. Við verðum einfaldlega að kíkja í pakkann. Félagin hafa sameiginlega ákveðið að efna til stefnumótunarfundar á haustdögum, þar sem við munum setjast niður og ræða sameiginlega hvað við viljum gera í sameiningu fagfélaganna þriggja. Það verður verkefni nýrrar stjórnar að fylgja því máli eftir.

Umhverfissvottun og vistvæn nálgun við hönnun hlýtur að vera framtíðin í okkar fagi. Þetta þarf að skoða nánar og við verðum að deila reynslu okkar í þessum málum. Hér er þörf á því að fræða og fræðast um þessi málefni. Þetta er vaxandi málaflokkur hjá norrænu félögunum og hafa sum þeirra lagt umtalsverða vinnu í að koma þessum málum meira á kortið. Ný rit Vistbyggðaráðs og AÍ eru liður í þessari vegferð.

Menningarstefna í mannvirkjagerð á ekki að snúast eingöngu um byggingar og arkitekta. Hún þarf að vera stefna í arkitektúr þar sem fjallað er bæði um arkitektúr og landslagsarkitektúr, mikilvægi þess að við erum að vinna fyrir komandi kynslóðir, að vistvænn arkitektúr haldist í hendur við varðveislu á náttúru og landslagi. Að við vinnum í sátt við umhverfi okkar. Lítum til Dana í þessum málum, en nýlega var samþykkt ný “Arkitektarstefna” þar sem áherslur á landslagsarkitektúr eru áberandi.

Ráðstefnan um Hönnun ferðamannastaða opnaði augu margar fyrir því ástandi sem er víða á helstu ferðamannastöðunum. Við þurfum að vera vakandi yfir þeim tækifærum sem við höfum sem faghópur. Við erum með þekkinguna og lausnirnar, en við verðum að fylgjast með og afla okkur frekari þekkingar til að bæta okkur sem fagmenn í landslagsarkitektúr. Við undirbúning á lögum og reglum um loftslagsáætlanir og útfærslum á þeim í Danmörku, leituðu stjórnáráðgjafarvaldið til landslagsarkitekta til að vinna með þennan málaflokk. Við getum því lært af vinum okkar Dönnum, hvað þetta snertir.

Það er alltaf gaman að hitta aðra landslagsarkitekta og sérstaklega þegar maður rekst á margverðlaunaðann portúgalskann landslagsarkitekt sem þekkir til snjóflóðarvarnargarða á Íslandi. Landslagsarkitekt sem hrósar fagmennskunni á Íslandi og hefur hitt Reyni Vilhjálmsson. Þá gerir maður sér ljóst hvað við höfum náð langt á 60 árum og við getum verið stolt af okkar fagi. Þökk sé þeim sem ruddu veginn og þeir sem halda merkjum landslagsarkitekta á lofti enn í dag. Við erum núna tæplega 100 manna félag og félagið hefur því nærri tuttugufaldast á aðeins 36 árum.

Við verðum þó að átta okkur á því að við erum að vinna fyrir komandi kynslóðir og þetta er eitt af því sem við verðum að halda sérstaklega á lofti. Næsta starfsár gæti verið upphafið af þeirri vegferð og ferðin gæti heitið:

“Landslagsarkitektinn, FÍLA og okkar framlag til komandi kynslóða”

Lifið heil!

Viðaukar:

Skýrslur nefnda og vinnuhópa:

- I. Dagskrárnefnd
- II. Laganefnd
- III. Fagnefnd
- IV. Menntanefnd
- V. IFLA-fulltrú
- VI. Fulltrúi FÍLA í Hönnunarmiðstöð
- VII. Orðanefnd
- VIII. Ritnefnd FÍLA
- IX. Garðsöguhópur FÍLA
- X. Vinnuhópur vegna Hönnunarmars 2013